

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 247/2022

2023/EES/31/20

frá 23. september 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/631 frá 13. apríl 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 að því er varðar birtingu upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vaxtaáhættu í stöðum utan veltubókar ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14ag (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0631**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/631 frá 13. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 117, 19.4.2022, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/631, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 117, 19.4.2022, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.